

3. febrúar 1977.

125

Nr. 80.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum fyrir Vesturlandi.

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði fyrir Vesturlandi, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°25' n.br., 27°00' v.lgd.
2. 65°26' n.br., 26°54' v.lgd.
3. 65°08' n.br., 26°48' v.lgd.
4. 64°39' n.br., 26°54' v.lgd.
5. 64°39' n.br., 27°02' v.lgd.
6. 65°03' n.br., 27°09' v.lgd.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.